

Skrímsladeildin á Google – hverjir eru í henni?

Smáfuglarnir lögðust í stutt rannsóknarflug á Google (1920 tilvísanir) í tilefni þess, að orðið „skrímsladeild“ er nú orðið að fræðilegu hugtaki í munni prófessors í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, sem kynntur er til sögunnar á mbl.is sem óháður stjórnmálaskýrandi til að styrkja spuna Þóru Kristínar Ásgeirsdóttur, stjórnmálafréttaritarara mbl.is.

Össur Skarphéðinsson. núverandi utanríkisráðherra, velti fyrir sér í grein í Fréttablaðinu 16. október 2006, hverjir hefðu beitt sér fyrir því á sínum tíma, eftir fall Berlínarmúrsins fyrir 20 árum, að rannsaka hugsanleg tengsl íslenskra námsmanna í Austur-Þýskalandi við STASI. Gaf hann til kynna, að þar hefðu sjálfstæðismenn verið að verki og sagði:

„Menn geta ímyndað sér hvernig skrímsladeild Sjálfstæðisflokksins hefði notað slíkar upplýsingar, ef svo hefði verið.“

Þarna gefur Össur til kynna, að innan Sjálfstæðisflokksins hafi verið „skrímsladeild“ við verkefni af því tagi að leita uppi tengsl kommúnista á Íslandi, þar á meðal Svavars Gestssonar, sendiherra og höfund ICESAVE meistaraverksins, við austur-þýsku leyniþjónustunar.

Þór Whithead, prófessor, svaraði grein Össurar hinn 18. október 2007 í Fréttablaðinu og sagði meðal annars:

„Heimildarmaður minn um könnun vestur-þýsku öryggisþjónustunnar á STASI-tengslum Íslendinga er Róbert Trausti Árnason, sem var vara-fastafulltrúi Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu í Brussel undir lok kalda stríðsins. Samkvæmt frásögnum, sem hann segir styðjast við dagbækur sínar, voru það tveir ráðherrar í ríkisstjórn Framsóknarflokks, Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins, sem mæltust til þess í desember 1989 að hann rannsakaði, hvort einhverjir Íslendingar hefðu verið í þjónustu austur-þýsku leynilögreglunnar. Ráðherrarnir hafi verið þeir Jón Baldvin Hannibalsson, utanríkisráðherra og yfirmaður hans í utanríkisþjónustunni, og Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra. „Einkum vildi Jón Baldvin vita, hvort að Svavar Gestsson hefði verið í hópi erindreka STASI“, eins og segir í skriflegri frásögn Róberts Trausta. Svavar var þá menntamálaráðherra í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar.“

Sé það skilgreiningaratriði á hugtakinu „skrímsladeild“ í stjórnmálafræðinni, að menn í henni hafi viljað leita að tengiliðum STASI á Íslandi, eru þeir Jón Baldvin Hannibalsson og Steingrímur Hermannsson greinilega í deildinni, þótt ekki séu þeir í Sjálfstæðisflokknum. Eða er „skrímslin“ per definition Gunnars Helga Kristinssonar, stjórnmálafræðiprófessors, aðeins að finna í Sjálfstæðisflokknum?

Smáfuglarnir minnst þess, að í sjónvarpþættinum Næturvaktin, þar sem Hannes Hólmsteinn Gissurarson birtist einu sinni sem leikari hafi hugtakið „skrímsladeild“ verið notað. Afgreiðslumaðurinn, Georg

Bjarnfreðarson, montinn, en vansæll vinstri maður með ótal háskólapróf, segir við Hannes Hólmstein, að hann sé fulltrúi „skrímsladeildarinnar“. Smáfuglarnir velta fyrir sér, hvort líta beri á Gunnar Helga Kristinsson sem fyrirmynd Georgs eða eftirlíkingu.

[<http://www.youtube.com/watch?v=5T97QI8NjxE> Myndbrotið með Hannesi Hólmsteini var sett á Youtube] og bloggaði Valgeir Helgi Bergþórsson þannig um það á síðu sína 9. desember 2007:

„Þetta brot er þegar Hannes Hólmsteinn Gizzurarson kemur á bensínstöðina og fær þessa þvílíku úthýðingu frá Georgi (Jón Gnarr). Ég verð að segja að þetta er með því myndnara sem ég hef séð, enda verð ég að hrósa honum Hannesi fyrir að hafa svona mikin húnor fyrir sjálfum sér.“